

Nd.

183. Nefndarálit

[59. mál]

um frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar mál þetta var til meðferðar í efri deild skilaði minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar — Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Ragnar Arnalds og Magnús H. Magnússon — svofelldu nefndaráliti:

„Frumvarp þetta stefnir að því að afla ríkissjóði fjár í þágu Byggingarsjóðs ríkisins til að uppfylla gefin fyrirheit um viðbótarlán til húsbyggjenda. Minni hl. nefndarinnar vill ekki standa gegn því að reyndar verði nýjar leiðir í útgáfu ríkisskuldabréfa ef það gæti orðið til að auka innlendan sparnað í þágu Byggingarsjóðs ríkisins, þótt vandséð virðist að þessar nýju tegundir skuldabréfa seljist svo miklu betur en hin gamalkunnu spariskírteini ríkissjóðs og í svo miklu magni sem hér er stefnt að á þessu ári þegar aðeins einn og hálfur mánuður er til ársloka.

En meginatriði þessa máls er að lofordin um viðbótarlán til húsbyggjenda verði ekki svikin. Yfirlýsingar hæstvirts fjármálaráðherra undanfarna daga vekja ótta um að svo gæti farið. Minni hl. nefndarinnar leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr.:

Það fé, sem fæst með sölu skuldabréfa, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal endurlánað húsbyggjendum sem viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins. Seðlabanki Íslands skal lána Byggingarsjóði ríkisins þessa upphæð, 200 millj. kr., til bráðabirgða. Takist ekki að selja skuldabréf samkvæmt frumvarpi þessu eins og ráðgert er skal bráðabirgðalán Seðlabankans gert upp með innlendri fjáröflun ríkissjóðs á árinu 1984.“

Er málið kom til neðri deildar var fjármálaráðherra spurður hvernig hann vildi tryggja að staðið yrði við loford til húsbyggjenda. Svaraði hann því til að það yrði gert „með aukafjárveitinum“. Þegar málið kom til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar óskaði minni hl. eftir því að farið yrði fram á nánari skýringar af hálfu fjármálaráðherra. Var það gert með bréfi dags. 30. nóvember 1983. Þar sagði á þessa leið:

„Á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar Nd. var 59. mál þingsins, frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, til umræðu. Einstakir nefndarmenn óskuðu eftir því að fjármálaráðherra staðfesti ummæli þau sem hann viðhafði við 1. umræðu málsins í Nd., en þau voru í því fólgin að aukafjárveiting yrði veitt þegar öflun lánsfjár nægði ekki til að tryggja fjármagn til 50% hækkunar lána úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem hafa fengið lán á árinu 1981 eða síðar.“

Fjármálaráðherra svaraði með bréfi sem var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 6. desember. Í bréfinu segir:

„Ráðuneytið vísar til erindis nefndarinnar, dags. 30. nóvember sl. þar sem óskað er eftir því að fjármálaráðherra staðfesti ummæli sín við 1. umræðu um 59. mál þingsins, frv. til 1. um innlenda lánsfjáröflun, sem voru á þá leið að aukafjárveiting yrði veitt þegar öflun lánsfjár nægði ekki til að tryggja fjármagn til 50% hækkunar lána úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra sem fengið hafa lán á árinu 1981 eða síðar.

Af þessu tilefni skal það tekið fram að ummæli þau, sem vitnað er til, voru á þá lund að staðið yrði við þau fyrirheit sem húsbyggjendum eða lánveitendum hefðu verið gefin vegna viðbótarlána Byggingarsjóðs ríkisins með aukafjárveitingum meðan beðið er eftir að peningar komi inn fyrir þau bréf og víxla sem gefin hafa verið út. Það skal endurtekið hér að við fyrirheit þessi verður reynt að standa.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.“

Þar með virðist ríkisstjórnin hafa fallist á að tryggja fjárhag húsbyggjenda enda þótt stjórnarliðið hafi fellt tillögu þess efnis í efri deild. Stjórnarandstaðan telur því ekki þörf á því að flytja sams konar tillögu í neðri deild þar sem stjórnarliðið hefur fallist á sjónarmið stjórnarandstöðunnar.

Það frumvarp, sem ríkisstjórnin leggur nú áherslu á að afgreiða fyrir jól, er annars um margt sérkennilegt. Komið hefur fram að sala ríkisvíxla samkvæmt tilboðum verður jafnvel með afföllum og gæti slíkt stangast á við lögum um bann við okri sem enn eru í gildi þrátt fyrir hugmyndir í stjórnarliðinu um að afnema þau. Það er í annan stað vert að benda á að gengistrygging innlends sparnaðar orkar af mörgum ástæðum tvímælis. Þannig er vafasamt að gengistrygging innlends sparnaðar verði til þess að treysta lánskjaravísitölu eða álit manna á henni sem viðmiðun lánskjara. Var þó vart á bætandi eftir yfirlýsingar ráðherra undanfarna mánuði um lánskjaravísitöluna. Þá má benda á í þessu sambandi að frumvarp þetta gildir aðeins fyrir árið 1983, — verði frumvarpið að lögum lifa í mesta lagi tvær vikur af árinu til þess að selja þau skuldabréf sem hér um ræðir. Er vandséð að slíkt breyti nokkru fyrir ríkissjóð og sannanlega breytir það engu fyrir húsbyggjendur sem í upphafi áttu að njóta góðs af frumvarpi þessu ef að lögum verður. Hefði því verið eðlilegra að tengja frumvarpið og efni þess við lánsfjárlög en frumvarp til lánsfjárlaga mun vera væntanlegt næstu daga og ríkisstjórnin hefur óskað afgreiðslu á því frumvarpi nú fyrir hátíðarnar.

Stjórnarandstaðan mun ekki bregða fæti fyrir frumvarp þetta, en bendir á sérkennilegan málatalbúnað ríkisstjórnarinnar. Aðalatriðið er þó að stjórnarandstöðunni hefur tekist að knýja fram aukafjárveitingar úr ríkissjóði svo staðið verði við lánsloforð til húsbyggjenda, — sem ella voru í stórfelldri hættu.

Auk undirritaðra stendur Guðrún Agnarsdóttir, fulltrúi Samtaka um kvennalista, að álitum því sem hér kemur fram.

Alþingi, 8. des. 1983.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Svavar Gestsson,
frsm.

Kjartan Jóhannsson.